

## Jafnrétti í grunnskólum - gátlisti

Listinn er leiðbeinandi og fræðandi og á að gagnast sem verkfæri við mat og umbætur í jafnréttismálum bæði meðal starfsfólks og nemenda.

Hvað er kynbundin áreitni?	Mjög oft	Frekar oft	Frekar sjaldan	Mjög sjaldan	Breytingar?
Klámbrandarar eða brandarar af kynferðislegum toga eru sagðir á vinnustaðnum. (Klámbrandarar þjóna oft þeim tilgangi að flytja athyglina frá faglegu framlagi einstaklings og hlutgera hann.)					
Kynferðislegar athugasemdir um útlit einstaklinga heyrast á vinnustaðnum. (Kynferðislegar athugasemdir þjóna oft þeim tilgangi að gera lítið úr einstaklingum með því að flytja athyglina frá faglegu framlagi þeirra og gera að kynferðislegu viðfangi.)					
Smættandi athugasemdir um einstaklinga heyrast á vinnustaðnum. (Athugasemdir sem ætlaðar eru til að draga úr faglegri virðingu og benda í staðinn á útlit eða atgervi einstaklinga.)					
Á vinnustaðnum er hlegið að kynferðislegum bröndurum og athugasemdum – annars ertu talin(n) húmorslaus, tepra eða ofurviðkvæm(ur). (Þeir sem taka þátt og hlæja að viðteknu gríni eða sitja hjá og gera enga athugasemd, samþykkja með þögn eða hlátri hegðunarmynstur sem hlutgerir suma einstaklinga eða gerir þá kynferðislega undirokaða.)					
Kynferðiseinelti hefur þrífist á vinnustaðnum og í kennslustundum. (regnhlífarhugtak yfir einelti og áreitni sem beinist að kynferði einstaklings og getur verið druslustimplun, hinsegineinelti og/eða athugasemdir um að viðkomandi sýni ekki ásættanlegan kvenleika eða karlmennslu. Mikilvægt að uppræta og ræða meðal nemenda.)					

Spurningar er varða klæðnað, einkalíf eða líkama einstaklinga heyrast á vinnustaðnum. (Mikilvægt er að gera öllum grein fyrir hvað er viðeigandi að spyrja um og kenna einstaklingum að finna sín mörk og setja fram óhindrað.)					
<b>Auglýsingar og myndir á veggjum</b>					<b>Breytingar?</b>
Á veggjum eru auglýsingar eða myndir þar sem einstaklingar eru sýndir fáklæddir og/eða í klámfengnum stellingum. Hafa verður þó eðli mynda/ljósmynda/málverka í huga við matið. (Með birtingu slíkra mynda er verið að setja fram ákveðnar hugmyndir um kynin og samskipti, hvaða staðla þurfi að uppfylla og hvernig eigi að líta út. Einstaklingar eru hlutgerðir og gerðir að viðfangi fyrir kynferðislegar langanir.)					
<b>Kennslurými</b>	<b>Alltaf</b>	<b>Oft</b>	<b>Sjaldan</b>	<b>Aldrei</b>	<b>Breytingar?</b>
Allir hafa greiðan aðgang að kennslurými. (Aðgengismál þarf að skoða í viðum skilningi, taka tillit til þeirra sem þurfa sérúrræði og koma þarf í veg fyrir aðgengishindranir og viðhorfstengdar tálmanir.)					
Myndir á veggjum höfða til allra hópa. (Myndir ættu ekki að vera of einsleitar, munum að fagna fjölbreytileikanum.)					
Allir hafa húsgögn við sitt hæfi. (Húsgögn í kennslurýmum verða að hæfa hverjum nemanda og taka þarf tillit til sérþarfa.)					
Skipulag kennslurýmis hentar hverjum hópi og kennsluefni. (Mikilvægt er að skipulag valdi ekki skiptingu innan hóps og henti þeirri kennslu sem fram fer.)					

Nemendur og samskipti					Breytingar?
Allir nemendur taka jafnan þátt í kennslustundum. (Eru ákveðnir hópar ráðandi? Er kynjamunur á þátttöku og virkni? Er hópasetning í hópvinu blönduð? Eru allir nemendur hvattir til þátttöku í tímum?)					
Talsmáta og orðavali er ekki beint að ákveðnum hópum. (Sum orð beinast að ákveðnum hópum og lítillækka þá eins og orðin hommalegt eða kerlingalegt, eins þykir ekki við hæfi að tala um kynskiptinga (trans fólk) ef vafi leikur á er gott að spyrja kunnuga.)					
Framkoma er eins við alla óháð kyni, útliti, fötlun, uppruna, kynvitund eða kynhneigð. (Okkar eigin viðbrögð og fyrirfram hugmyndir um ákveðna hópa geta komið í veg fyrir góð samskipti. Ekki gera ráð fyrir að fatlaðir séu ósjálfbjarga og að nemendur með annað móðurmál en íslensku eigi við námserfiðleika eða skilji ekki o.s.frv.)					
Fordómar er ekki liðnir í kennslustundum. (Kennari verður að sýna þeim nemendum sem verða fyrir fordómum í tímum stuðning og láta í ljós skýra afstöðu gegn fordómum af öllu tagi.)					
Frá upphafi er nemendum gert ljóst að samskipti allra skulu einkennast af vinsemd og virðingu. (Skoðanaskipti, rökræður og ágreiningur eru af hinu góða svo lengi sem samskipti eru hvorki niðurlægjandi eða ógnandi á nokkurn hátt.)					
Orðaval og orðræða stjórnast ekki af hugmyndum um karlmennsku og kvenleika. (Huga þarf að orðfæri meðal starfsfólks og nemenda á öllum aldri og áhrifa þess á mótun og þroska.)					
Nemendum er hrósað og þeir hvattir á einstaklingsmiðaðan hátt ekki kynjaðan eða útlitslegan. (Er stúlkum líka hrósað fyrir að vera kraftmiklar, útsjónarsamar, fjörmiklar, forvitnar, getumiklar, óbugandi, hæfar, hraustar og hnitmiðaðar? Er drengjum einnig hrósað fyrir að vera umhyggjusamir, vandvirkir, tilfinninganæmir, góðviljaðir, heiðarlegir, hlýlegir, áreiðanlegir, listrænir og varfærnir?)					
Drengir og stúlkur fá jafnmikla jákvæða athygli. (Huga þarf að því að ákveðið kyn fái ekki aðeins neikvæða eða jákvæða athygli.)					

Viðburðir og uppákomur eru kynhlutlausir. (Mikilvægt er að hvetja börnin til að horfa framhjá því hvernig stelpur/strákar eiga að vera.)					
Hegðun drengja og stúlkna er sýnd jafnmikil þolinmæði.					
<b>Námsmat og hæfniviðmið</b>					<b>Breytingar?</b>
Enginn greinilegur kynjamunur er á námsmati. (Regluleg úttekt á gengi kynja í prófum og verkefnum er æskileg. Ef munur er á tilteknum þáttum námsmats eða heildarnámsmati verður að athuga hvort það eigi sér eðlilegar skýringar eða hvort huga þurfi að samsetningu námsmats.)					
Frammistöðumat er einstaklingsmiðað. (Staðalímyndir kynja geta haft áhrif á frammistöðumat. Hugsa þarf að orðavali þegar færni kynja er lýst og að meta ekki eiginleika eignaða körlum meira en aðra eiginleika.)					
<b>Kennsluefni og - tæki</b>					<b>Breytingar?</b>
Umfjallanir og myndefni spegla fjölbreyttan hóp nemenda. (Sýna þarf fjölbreytni mannlífsins. Varast ber að bregða upp einhæfum myndum af hvítu ófötlðu fólki, körlum í karlastörfum og öfugt svo dæmi séu tekin.)					
Kennsluefni er ókynjað, og þar eru ekki notaðir litir sem eignaðir eru kynjum. (Mikilvægt er að kennsluefni höfði til allra nemenda og allra kynja.)					
Innihald og skilaboð bóka er nútímalegt og sýnir ekki staðalímyndir kynja. (Bókakost þarf að endurnýja reglulega og hafa í huga að margar bækur hafa úreltar hugmyndir um kynin, slíkt er nauðsynlegt að ræða.)					
Öllum hópum samfélagsins er gert jafnhátt undir höfði og fyrir þeim borin virðing í kennsluefni.					
Umhverfið hvetur ekki til skiptingar hópsins eftir staðalímyndum við leik og nám. (Mikilvægt er að leikföng og lesefni sem börnin sækja í ýti ekki undir staðalímyndir þannig að stúlkur sæki vinsælt efni á einn stað og drengir á annan.)					
Leikföng og námsefni ýta ekki undir kynjaðar staðalímyndir. (Hefur námsefni og leikföng verið athugað með tilliti til staðalímynda? Er ástæða til að skoða leikföng og það námsefni sem notað er með tilliti til þeirra?)					

Öllum er frjálst að breyta og bæta við þennan lista sem er engan veginn tæmandi. Gert er ráð fyrir að hver skóli móti hann fyrir sig.

Ef um viðbætur er að ræða þætti höfundu gott að fá ábendingar á netfangið [sbirna@ki.is](mailto:sbirna@ki.is).

**Heimildir:**

Anna Elísa Hreiðarsdóttir. (e.d.) *Ævintýralegt jafnrétti. Kennsluefni í jafnréttisfræðslu í leikskóla*. Sótt 5.9.2019 af <http://idavollur.is/163-idavollur.karellen.is/n%C3%A1msefni.%C3%A6vint.jafnr..pdf>

*Jafnrétti í kennslu: Gátlisti*. 2018. Sótt 19.8.2019 af [https://kennslumidstod.hi.is/wp-content/uploads/2019/05/HI\\_jafnrettisgatalisti\\_vefur.pdf](https://kennslumidstod.hi.is/wp-content/uploads/2019/05/HI_jafnrettisgatalisti_vefur.pdf)

Neugebauer, Bonnie. 1992. *Alike and different: Exploring our humanity with children*, rev.ed. Washington, DC:NAEYC. Að meta barnabækur út frá fjölmennigalegu sjónarhorni/gátlisti. Þýð. Kristín Mar. Sótt 19.8.2019 af <http://jafnrettistorg.is/hugmyndabanki/ad-meta-barnabaekur-ut-fra-fjolmenningarlegu-sjonarhornigatalisti/>

*Zero tolerance of sexual harassment. Information package for anyone responsible for recruitment, management and corporate responsibility*. 2019. Útg. Ekvalita og FIBS. Sótt: 18:9.2019 af [https://static1.squarespace.com/static/56dd915f7c65e4d744dd258b/t/5d822ef3919e3f407a377a5f/1568812791968/FIBS\\_Taitto\\_english.pdf](https://static1.squarespace.com/static/56dd915f7c65e4d744dd258b/t/5d822ef3919e3f407a377a5f/1568812791968/FIBS_Taitto_english.pdf)

Gangi ykkur vel og góða skemmtun